

Samningur um ræktun Landgræðsluskóga í landi Hafnarfjarðar

Kaldárselsvegur, Seldalur við Stórhöfða

L229964 F2510254

Eftirgreindir aðilar: Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, þinglýstur eigandi lands Kaldárselsvegur Seldalur L229964, í samningi þessum nefndur leigusali, og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, kt. 600269-4109, í samningi þessum nefnt leigutaki, ásamt Skógræktarfélagi Íslands, kt. 600269-3809, vegna verkefnis um Landgræðsluskóga, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Markmið samnings þessa er að stuðla að skógrækt og tryggja íbúum sveitarfélagsins og almenningi svæði til útivistar um ókomna framtíð. Samningur þessi er gerður í tengslum við verkefnið *ræktun Landgræðsluskóga*.

Með Landgræðsluskógi er í samningi þessum átt við skóg sem ræktaður er upp á áveðurssvæðum, ógrónu, lítt- eða hálfgrónu landi.

2. gr.

Svo markmið samnings þessa megi ná fram að ganga leigir leigusali leigutaka landspildu í Seldal, til gróðursetningar.

Landspildan hefur landeignanúmer L229964 og er stærð hennar 111.7 ha. Mörk landspildunnar eru sýnd á meðfylgjandi mæliblaði dags. 2. apríl 2020 (fskj. 1), sem áritað er af samningsaðilum, og skal mæliblaðið vera hluti af samningi þessum. Einnig liggur fyrir birt og staðfest deiliskipulag fyrir svæðið dags. 18. mars 2020 (fskj. 2) þar sem skilgreind eru ný mörk ræktunarsvæðisins og lóðin skilgreind. Vakin er athygli á því að innan ramma þess skipulags er sýndur byggingarreitur fyrir skíðalyftu.

3. gr.

Leigutaki hefur landið á leigu til 75 ára, en greiðir ekki af því leigu. Allar framkvæmdir eins og lagning vegna eða vegslóða eða gerð annarra mannvirkja skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulagsáætlanir og háðar samþykki sveitarstjórnar.

Öll opinber gjöld eða kröfur sem á landið kunna að verða lögð greiðir leigusali.

4. gr.

Á samningstímanum skal landgræðsluskógur sá er vex á landspildunni vera eign leigutaka, Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Verði seldar afurðir úr skóginum skal andvirði þeirra renna til leigutaka.

Við lok samningstímans skulu aðilar leitast við að endurnýja samning þennan en ef ekki næst samkomulag milli aðila um áframhaldandi leigu eða aðra samvinnu, sbr. 3. gr. skal andvirði vegna nýtnunar skógarins renna til Skógræktarfélags Íslands og landeiganda, helmingshlutur á hvorn aðila.

5. gr.

Við breytingar á aðalskipulagi og/eða deiliskipulagi sem tekur til hins leigða lands skal leitast við að taka mið af samningi þessum og markmiði hans um nýtingu landsins og að ekki eða sem minnst verði hróflað við því.

6. gr.

Krefjist almannabörf þess að landið eða hluti þess verði nýtt á annan hátt en kveðið er á um í samningi þessum er leigutaka skylt að láta af hendi rétt sinn til landsins eða þess hluta sem við á. Skal almannabörf samkvæmt framangreindu staðfest af meirihluta sveitarstjórnar en leita skal áður umsagnar Skógræktarfélags Íslands.

Að uppfylltum skilyrðum samkvæmt 1. mgr. er leigusala heimilt að nýta landið til annars en sem skógræktar- og útivistarsvæði og skal þá viðkomandi aðili bæta allt tjón leigutaka og/eða Skógræktarfélags Íslands bæði vegna gróðursetningar og gerð mannvirkja samkvæmt samkomulagi eða ef það ekki næst samkvæmt mati dómkvadds matsmanns/manna.

7. gr.

Skógræktarfélag Íslands afhendir leigutaka trjáplöntur til gróðursetningar í land það er samningur þessi tekur til eftir því sem fjárhagur Skógræktarfélags Íslands leyfir og verkefni um Landgræðsluskóga hefur bolmagn til.

Samningsaðilum er heimilt að afla annarra trjáplantna til viðbótar við þær plöntur sem afhentar verða skv. 1. mgr. og planta þeim í landið.

8. gr.

Fagleg umsjón með ræktun Landgræðsluskóga skal vera í höndum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands eftir því sem við á.

9. gr.

Leigutaka er óheimilt að framleigja landið nema með samþykki leigusala. Hætti leigutaki starfsemi sinni á svæðinu skal landið fara í vörslu leigusala.

10. gr.

Rísi mál út af samningi samningi þessum skal það rekið fyrir viðkomandi héraðsdómi Reykjaness.

11. gr.

Samningi þessum skal þinglýst. Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu.

12. gr.

Samningur þessi skal undirritaður í viðurvist tveggja vitundarvotta sem votta rétta dagsetningu, undirskrift og fjárræði. Af samningum skulu undirrituð fjögur samhljóða frumrit, eitt handa hverjum aðila og eitt til þinglýsingar.


Hafnarfjörður, 9. apríl 2021

F.h. landeiganda

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

F.h. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.

F.h. Skógræktarfélags Íslands



Vottar að rétttri dags., undirritun og fjárræði aðila:

nafn kt.

nafn kt.